

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2011/59/ESB

2012/EES/19/18

frá 13. maí 2011

um breytingu á II. og III. viðauka við tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að laga þá að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópu-
sambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí
1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur ⁽¹⁾,
einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við vísindanefndina um öryggi neytenda,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í kjölfar birtingar vísindarannsóknar árið 2001, sem ber yfirskriftina: „Notkun á varanlegum hárlitunarefnum og áhætta á krabbameini í þvagblöðru“ (e. Use of permanent hair dyes and bladder cancer risk), komst vísindanefndin um snyrtivörur og aðrar neytendavörur en matvæli, en í stað hennar kom vísindanefndin um neyslsvörur (SCCP) samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/210/EB ⁽²⁾, að þeirri niðurstöðu að hugsanlegir áhættuþættir væru áhyggjuefni. Vísindanefndin um neyslsvörur mælti með því að framkvæmdastjórnin gerði frekari ráðstafanir til að hafa eftirlit með notkun hárlitunarefna.
- 2) Vísindanefndin um neyslsvörur mælti enn fremur með heildaráætlun um öryggismat á hárlitunarefnum þar sem gerðar væru kröfur um prófun á hugsanlegum erfðaeiturhrifum eða stökkbreytandi hrifum efna sem eru notuð í hárlitunarvörur.
- 3) Í kjölfar álits vísindanefndarinnar um neyslsvörur komst framkvæmdastjórnin að samkomulagi við aðildarríkin og hagsmunaaðila um heildaráætlun um að setja reglur um efni, sem eru notuð í hárlitunarvörur, en samkvæmt henni er þess krafist að aðilar iðngreinarinnar leggi fram skrár með uppfærðum vísindagögnum um öryggi hárlitunarefna, sem vísindanefndin um neyslsvörur á að meta.

- 4) Vísindanefndin um neyslsvörur, en í hennar stað kom vísindanefnd um öryggi neytenda (SCCS) samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/721/EB frá 5. ágúst 2008 um að koma á ráðgjafakerfi vísindanefnda og sérfræðinga á sviði sem varðar öryggi neytenda, lýðheilsu og umhverfismál og um niðurfellingu á ákvörðun 2004/210/EB ⁽³⁾, mat öryggi einstakra efna sem iðnaðurinn hafði lagt fram uppfærðar skrár fyrir.
- 5) Síðasta skrefið í áætluninni um öryggismat var að leggja mat á hugsanlega heilbrigðisáhættu fyrir neytendur af völdum myndefna sem oxandi hárlitunarefni mynda meðan á hárlitunarferlinu stendur. Í áliti sínu frá 21. september 2010 taldi vísindanefndin um öryggi neytenda að erfðaeiturhrif og krabbameinsvaldandi áhrif hárlitunarefna og myndefna þeirra, sem nú eru í notkun í Sambandinu, væru ekki verulegt áhyggjuefni.
- 6) Tiltekin hárlitunarefni eru leyfð til bráðabirgða til notkunar í hárlitunarvörur til 31. desember 2010, samkvæmt þeim takmörkunum og skilyrðum sem mælt er fyrir um í 2. hluta III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE.
- 7) Með hliðsjón af áhættumati á framlögðum öryggisögnum og lokaáliti vísindanefndarinnar um öryggi neytenda varðandi öryggi einstakra efna og myndefna er rétt að færa á skrá í 1. hluta III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE hárlitunarefni sem eru leyfð til bráðabirgða og eru sem stendur tilgreind í 2. hluta þess viðauka.
- 8) Ekki reyndist unnt að ljúka öryggismati vísindanefndarinnar um öryggi neytenda varðandi efnin hýdroxyetyl-2-nítró-p-tólúidín og HC Red nr. 10 + HC Red nr. 11, sem eru tilgreind í 2. hluta III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE, fyrir 31. desember 2010. Því skal framlengja bráðabirgðanotkun efnanna til 31. desember 2011.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 125, 14.5.2011, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 66, 4.3.2004, bls. 45.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 241, 10.9.2008, bls. 21.

- 9) Að því er varðar efnið o-aminófenól lýsti vísindanefndin um öryggi neytenda því yfir í álitinu sínu frá 22. júní 2010 að á grundvelli fyrirbyggjandi gagna væri ekki unnt að komast að endanlegri niðurstöðu varðandi öryggi efnisins. Á grundvelli álitsins getur o-aminófenól ekki talist öruggt þegar það er notað í hárlitunarvörur og því skal efnið skráð í II. viðauka við tilskipun 76/768/EBE.
- 10) Því ber að breyta tilskipun 76/768/EBE til samræmis við það.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. og III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 3. janúar 2012. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 3. janúar 2012.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. maí 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

VIÐAUKI

Tilskipun 76/768/EBE er breytt sem hér segir:

1) Í II. viðauka bætist eftirfarandi færsla við:

Tilvisunarnúmer	Efnaheiti	CAS-númer/EB-númer
„1372	2-aminófenól (o-aminófenól; CI (litaskrárnúmer) 76520) og sölt þess	CAS-númer 95-55-6/67845-79-8/51-19-4 EB-númer 202-431-1/267-335-4 ⁴

2) Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. hluta er breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi færslur bætist við:

Tilvisunarnúmer	Efni	Takmarkanir			Notkunarskilyrði og varnaðarorð sem prenta verður á merkimiðann
		Notkunarsvið	Leyfilegur hámarksstyrkur í fullunninni snyrtivöru	Aðrar takmarkanir og kröfur	
„215	4-aminó-3-nítrófenól (CAS-númer 610-81-1) (EB-númer 210-236-8)	a) Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum b) Hárlitunarefni í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi	b) 1,0%	a) Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hár ekki fara yfir 1,5%	a) Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvisunarnúmeri 205 b) Eins og getið er í f-dálki undir tilvisunarnúmeri 208
216	2,7-naftalíndíól (CAS-nr. 582-17-2) (EB nr. 209-478-7)	a) Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum b) Hárlitunarefni í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi	b) 1,0%	a) Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hár ekki fara yfir 1,0%	a) Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvisunarnúmeri 205
217	m-aminófenól (CAS-númer 591-27-5) (EB-númer 209-711-2) og sölt þess m-aminófenól HCl (CAS-númer 51-81-0) (EB-númer 200-125-2) m-aminófenólsúlfat (CAS-númer 68239-81-6) (EB-númer 269-475-1) Natríum m-aminófenól (CAS-númer 38171-54-9)	Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum		Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hár ekki fara yfir 1,2%	Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvisunarnúmeri 205

Tilvísunarnúmer	Efni	Takmarkanir			Notkunarskilyrði og varnaðarorð sem prenta verður á merkimiðann
		Notkunarsvið	Leyfilegur hámarksstyrkur í fullunninni snyrtivöru	Aðrar takmarkanir og kröfur	
218	2,6-díhýdroxý-3,4-dímetylpyridín (CAS-númer 84540-47-6) (EB-númer 283-141-2)	Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum		Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hár ekki fara yfir 1,0%	Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvísunarnúmeri 205
222	2-hýdroxýetylþíkrámsýra (CAS-númer 99610-72-7) (EB-númer 412-520-9)	a) Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum b) Hárlitunarefni í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi	b) 2,0%	a) Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hár ekki fara yfir 1,5% Að því er varðar a- og b-lið: — Notist ekki með nítrósamínmyndandi efnum — Hámarksinnihald nítrósamína: 50 µg/kg — Geymist í ílátum sem innihalda ekki nítrít	a) Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvísunarnúmeri 205
223	p-metýlamínófenól (CAS-númer 150-75-4) (EB-númer 205-768-2) og súlfat þess p-metýlamínófenólsúlfat (CAS-númer 55-55-0/1936-57-8) (EB-númer 200-237-1/217-706-1)	Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum		Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hár ekki fara yfir 0,68% (sem súlfat) — Notist ekki með nítrósamínmyndandi efnum — Hámarksinnihald nítrósamína: 50 µg/kg — Geymist í ílátum sem innihalda ekki nítrít	Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvísunarnúmeri 205
225	Etanól, 2-(4-(etyl((2-hýdroxýetyl)amínó)-2-nítrófenýl)amínó)-, (CAS-númer 104516-93-0) og hýdróklóríð þess HC Blue nr. 12 (CAS-númer 132885-85-9) (EB-númer 407-020-2)	a) Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum		a) Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hár ekki fara yfir 0,75% (sem hýdróklóríð) Að því er varðar a- og b-lið: — Notist ekki með nítrósamínmyndandi efnum — Hámarksinnihald nítrósamína: 50 µg/kg — Geymist í ílátum sem innihalda ekki nítrít	a) Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvísunarnúmeri 205

Tilvísunarnúmer	Efni	Takmarkanir			Notkunarskilyrði og varnaðarorð sem prenta verður á merkimiðann
		Notkunarsvið	Leyfilegur hámarksstyrkur í fullunninni snyrtivöru	Aðrar takmarkanir og kröfur	
		b) Hárlitunarefni í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi	b) 1,5% (sem hýdróklóríð)		
227	3-aminó-2,4-díklórfenól (CAS-númer 61693-42-3) (EB-númer 262-909-0) og hýdróklóríð þess 3-aminó-2,4-díklórfenól HCl (CAS-númer 61693-43-4)	a) Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum b) Hárlitunarefni í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi	b) 1,5% (sem hýdróklóríð)	a) Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hár ekki fara yfir 1,5% (sem hýdróklóríð)	a) Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvísunarnúmeri 205
230	Fenýlmetýlpýrasólón (CAS-númer 89-25-8) (EB-númer 201-891-0)	Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum		Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hár ekki fara yfir 0,25%	Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvísunarnúmeri 205
232	2-metýl-5-hýdroxýetýlaminófenól (CAS-númer 55302-96-0) (EB-númer 259-583-7)	Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum		Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hár ekki fara yfir 1,5% — Notist ekki með nitrósamínmyndandi efnum — Hámarksinnihald nitrósamína: 50 µg/kg — Geymist í ílátum sem innihalda ekki nítít	Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvísunarnúmeri 205
234	Hýdroxýbensómorfólín (CAS-númer 26021-57-8) (EB-númer 247-415-5)	Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum		Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hár ekki fara yfir 1,0% — Notist ekki með nitrósamínmyndandi efnum — Hámarksinnihald nitrósamína: 50 µg/kg — Geymist í ílátum sem innihalda ekki nítít	Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvísunarnúmeri 205

Tilvísunarnúmer	Efni	Takmarkanir			Notkunarskilyrði og varnaðarorð sem prenta verður á merkimiðann
		Notkunarsvið	Leyfilegur hámarksstyrkur í fullunninni snyrtivöru	Aðrar takmarkanir og kröfur	
237	2,2'-((4-aminó-3-nitrófenýl)iminó)bisetanól (CAS-númer 29705-39-3) og hýdróklóríð þess HC Red nr. 13 (CAS-númer 94158-13-1) (EB-númer 303-083-4)	a) Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum b) Hárlitunarefni í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi	b) 2,5% (sem hýdróklóríð)	a) Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hár ekki fara yfir 1,25% (sem hýdróklóríð)	a) Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvísunarnúmeri 205
238	2,6-dímetoxý-3,5-pýridíndíamín CAS-númer 85679-78-3 (óbundinn basi) og hýdróklóríð þess 2,6-dímetoxý-3,5-pýridíndíamín HCl (CAS-númer 56216-28-5) (EB-númer 260-062-1)	Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum		Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hár ekki fara yfir 0,25% (sem hýdróklóríð)	Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvísunarnúmeri 205
239	HC Violet nr. 1 (CAS-númer 82576-75-8) (EB-númer 417-600-7)	a) Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum b) Hárlitunarefni í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi	b) 0,28%	a) Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hár ekki fara yfir 0,25% Að því er varðar a- og b-lið: — Notist ekki með nitrósamínmyndandi efnum — Hámarksinnihald nitrósamína: 50 µg/kg — Geymist í ilátum sem innihalda ekki nítít	a) Eins og getið er í a-lið f-dálki undir tilvísunarnúmeri 205 b) Eins og getið er í f-dálki undir tilvísunarnúmeri 208 a)
241	1,5-naftalíndíól (CAS-númer 83-56-7) (EB-númer 201-487-4)	a) Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum b) Hárlitunarefni í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi	b) 1,0%	a) Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hár ekki fara yfir 1,0%	a) Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvísunarnúmeri 205

Tilvisunar númer	Efni	Takmarkanir			Notkunarskilyrði og varnaðarorð sem prenta verður á merkimiðann
		Notkunarsvið	Leyfilegur hámarksstyrkur í fullunninni snyrtivöru	Aðrar takmarkanir og kröfur	
242	Hýdroxýprópýl bis(N-hýdroxýetýl-p-fenýlendíamín) (CAS-númer 128729-30-6) og tetrahýdróklóríð þess Hýdroxýprópýl bis(N-hýdroxýetýl-p-fenýlendíamín) HCl (CAS-númer 128729-28-2) (EB-númer 416-320-2)	Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum		Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hár ekki fara yfir 0,4% (sem tetrahýdróklóríð)	Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvisunarnúmeri 205
243	4-aminó-2-hýdroxýtólúen (CAS-númer 2835-95-2) (EB-númer 220-618-6)	Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum		Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hár ekki fara yfir 1,5%	Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvisunarnúmeri 205
244	2,4-díamínófenoxýetanól (CAS-númer 70643-19-5) hýdróklóríð og sulfat þess 2,4-díamínófenoxýetanól HCl (CAS-númer 66422-95-5) (EB-númer 266-357-1) 2,4-díamínófenoxý-etanólsulfat (CAS-númer 70643-20-8) (EB-númer 274-713-2)	Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum		Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hár ekki fara yfir 2,0% (sem hýdróklóríð)	Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvisunarnúmeri 205
245	2-metýlresorsínól (CAS-númer 608-25-3) (EB-númer 210-155-8)	a) Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum b) Hárlitunarefni í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi	b) 1,8%	a) Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hár ekki fara yfir 1,8%	a) Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvisunarnúmeri 205
246	4-aminó-m-kresól (CAS-númer 2835-99-6) (EB-númer 220-621-2)	Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum		Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hár ekki fara yfir 1,5%	Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvisunarnúmeri 205

Tilvisunar númer	Efni	Takmarkanir			Notkunarskilyrði og varnaðarorð sem prenta verður á merkimiðann
		Notkunarsvið	Leyfilegur hámarksstyrkur í fullunninni snyrtivöru	Aðrar takmarkanir og kröfur	
248	2-aminó-4-hýdroxýetýlamínóanisól (CAS-númer 83763-47-7) (EB-númer 280-733-2) og súlfat þess 2-aminó-4-hýdroxýetýlamínóanisóls úlfat (CAS-númer 83763-48-8) (EB-númer 280-734-8)	Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum		Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hár ekki fara yfir 1,5% (sem súlfat) — Notist ekki með nitrósamínmyndandi efnum — Hámarksinnihald nitrósamína: 50 µg/kg — Geymist í ílátum sem innihalda ekki nítrít	Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvisunarnúmeri 205
249	Hýdroxýetýl-3,4-metýlendíoxýanilín og hýdróklóríð þess Hýdroxýetýl-3,4-metýlendíoxýanilín HCl (CAS-númer 94158-14-2) (EB-númer 303-085-5)	Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum		Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hár ekki fara yfir 1,5% — Notist ekki með nitrósamínmyndandi efnum — Hámarksinnihald nitrósamína: 50 µg/kg — Geymist í ílátum sem innihalda ekki nítrít	Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvisunarnúmeri 205
250	3-nítro-p-hýdroxýetýlamínófenól (CAS-númer 65235-31-6) (EB-númer 265-648-0)	a) Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum b) Hárlitunarefni í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi	b) 1,85%	a) Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hár ekki fara yfir 3,0% Að því er varðar a- og b-lið: — Notist ekki með nitrósamínmyndandi kerfum — Hámarksinnihald nitrósamína: 50 µg/kg — Geymist í ílátum sem innihalda ekki nítrít	a) Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvisunarnúmeri 205 b) Eins og getið er í f-dálki undir tilvisunarnúmeri 208
251	4-nítrofénylamínóetýlúrea (CAS-númer 27080-42-8) (EB-númer 410-700-1)	a) Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum b) Hárlitunarefni í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi	b) 0,5%	a) Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hár ekki fara yfir 0,25% Að því er varðar a- og b-lið: — Notist ekki með nitrósamínmyndandi efnum — Hámarksinnihald nitrósamína: 50 µg/kg — Geymist í ílátum sem innihalda ekki nítrít	a) Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvisunarnúmeri 205

Tilvísunarnúmer	Efni	Takmarkanir			Notkunarskilyrði og varnaðarorð sem prenta verður á merkimiðann
		Notkunarsvið	Leyfilegur hámarksstyrkur í fullunninni snyrtivöru	Aðrar takmarkanir og kröfur	
252	2-amínó-6-klór-4-nítrófenól (CAS-númer 6358-09-4) (EB-númer 228-762-1)	a) Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum b) Hárlitunarefni í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi	b) 2,0%	a) Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hár ekki fara yfir 2,0%	a) Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvísunarnúmeri 205 b) Eins og getið er í f-dálki undir tilvísunarnúmeri 208“

ii. Í stað færslunnar undir tilvísunarnúmerinu 201 komi eftirfarandi:

„201	2-Klór-6-etýlamínó-4-nítrófenól (CAS-númer 131657-78-8) (EB-númer 411-440-1)	a) Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum b) Hárlitunarefni í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi	b) 3,0%	a) Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hár ekki fara yfir 1,5% a) og b): — Notist ekki með nítrósamínmyndandi efnum — Hámarksinnihald nítrósamína: 50 µg/kg — Geymist í ílátum sem innihalda ekki nítrít	a) Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvísunarnúmeri 205
------	--	---	---------	---	---

b) Ákvæðum 2. hluta er breytt sem hér segir:

- i. Færslur með tilvísunarnúmerunum 3 til 6, 11, 12, 16, 19 til 22, 25, 27, 31 til 39, 44, 48, 49, 55 og 56 falli brott.
- ii. Í stað færslunnar í g-dálki undir tilvísunarnúmerunum 10 og 50 komi dagsetningin „31.12.2011“ í stað „31.12.2010“.